




ÁRSSKÝRSLA 2019

Dómstólasýslan | Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólarnir





DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2019
Dómstólasýslunnar
Hæstaréttar
Landsréttar
Héraðsdómstólanna

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Brúararfoss - Mynd frá unsplash.com

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Dómstólasýslan	6
Stjórn dómstólasýslunnar	7
Hlutverk dómstólasýslunnar	8
Stefna dómstólasýslunnar 2018-2022	9
Fræðsla, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2019	9
Upplýsingamál dómstólanna	11
Tæknimál dómstólanna	12
Reglur um samræmda framkvæmd o.fl.	13
Samræmdar reglur um birtingu dóma	14
Sérfróðir meðdómsmenn	14
Nefndir hjá dómstólasýslunni	14
Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara	15
Erlent samstarf	15
Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar	16
Dómstólarnir í tölum 2019	18
Hæstiréttur	19
Fjöldi mála	20
Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi	20
Áfrýjuð mál	20
Kærð mál	20
Landsréttur	21
Fjöldi mála	22
Áfrýjuð mál	22
Kærð mál	23
Héraðsdómstólarnir	25
Fjöldi mála	25
Einkamál	26
Ákærumál	27
Gjaldþrot	27
Rannsóknarúrskurðir	29

Inngangur

Dómstólasýslan hóf starfsemi sína í upphafi árs 2018 og því fer hér skýrsla um störf hennar og dómstólanna á öðru starfsári. Eins og gefur að skilja einkenndist fyrsta starfsárið af því að verið var að koma stofnuninni á fót með því að ráða starfsfólk, finna húsnæði og hefja starfsemina. Því er 2019 fyrsta heila árið þar sem starfsemin hefur verið af fullum þunga frá upphafi til loka árs og gefur það því góða mynd af því hlutverki sem dómstólasýslan gegnir.

Liðið ár hefur verið mjög annasamt hjá dómstólasýslunni og margt hefur verið gert til að efla starfsemi dómstólanna. Hér má fyrst nefna að á árinu var innleitt nýtt og samræmt málaskrárkerfi hjá héraðsdómstólunum, sem nefnt hefur verið Auður, en sama kerfi hafði árið áður verið tekið upp í Landsrétti þegar hann hóf starfsemi sína. Mála-

skrárkerfið styður við rafræna móttöku og sendingu málgagna, m.a. milli dómstiga, sem mun hafa hagræði í för með sér við áfrýjun og kæru mála milli þeirra. Skráning á ferli dómsmála og málgagna í hinu nýja kerfi gerir dómstólasýslunni og stjórnendum dómstólanna betur kleift að afla tölfræðiupplýsinga um fjölda dómsmála og afgreiðslu þeirra. Samhliða innleiðingu málaskrárkerfisins var allur tölvubúnaður héraðsdómstólanna endurnýjaður sem var forsenda fyrir aukinni nýtingu rafrænna lausna við vinnslu dómsmála.

Dómstólasýslan fékk Gallup til þess að vinna ítarlega þjónustukönnun meðal lögmanna og ákærenda um mitt síðasta ár þar sem m.a. var spurt um traust til dómstólanna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að lögmenn og

ákærendur bera mun meira traust til dómstólanna en almenningur. Hlutfall þeirra sem báru fullkomið eða mikið traust til Hæstaréttar var 84% sem verður að teljast mjög góð niðurstaða. Hlutfall þeirra sem báru fullkomið eða mikið traust til Landsréttar var 74% en 79% þegar spurt var um héraðsdómstólana.

Af einstökum málum sem sett hafa mark sitt á starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna á liðnu ári og ástæða er til að nefna er svonefnt Landsréttarmál. Hinn 12. mars 2019 féll dómur hjá Mannréttindadómstólnum í Strassborg um að Ísland hefði gerst brotlegt við 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu við skipan fjögurra dómara við réttinn. Frá þeim tíma hafa þeir dómara ekki verið að störfum en það hægði mjög á afgreiðslu áfrýjaðra einka-

mála við réttinn. Í kjölfarið bárust færri mál til Hæstaréttar þar sem flest mál sem áfrýjað er þangað eru einkamál. Til þess að draga sem mest úr þeirri truflun sem varð á starfsemi dómstólanna lagði dómstólasýslan til að skipuðum dómurum við Landsrétt yrði fjölgað tímabundið en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Í stað þess voru dómara settir tímabundið í embætti við réttinn. Betur hefði farið á því með tilliti til sjálfstæðis dómsvaldsins að fjölga skipuðum dómurum í stað þess að nærri þriðjungur dómara við réttinn yrði settur til skamms tíma.

Í meðfylgjandi ársskýrslu er að finna samantekt á helstu verkefnum dómstólasýslunnar á liðnu ári og ítarlegar upplýsingar um fjölda og tegundir mála á hverju dómstigi og afgreiðslu þeirra.

Júní 2020

**Benedikt Bogason,
formaður stjórnar**

**Ólöf Finnsdóttir,
framkvæmdastjóri**

Dómstólasýslan

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna, styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.



Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn sem mynda stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Stjórnina skipa:

Benedikt Bogason hæstaréttardómari, formaður, skipaður til 31. júlí 2020. Varamaður hans er Karl Axelsson hæstaréttardómari skipaður til sama tíma.

Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, skipuð til 31. júlí 2020. Varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari skipaður til sama tíma.

Kristín Haraldsdóttir lektor, skipuð til 31. júlí 2022. Varamaður hennar er Guðni Bergsson, forseti KSÍ og lögmaður, skipaður til sama tíma.

Bergþóra Kristín Benediktsdóttir dómritari, kjörin í stað Írisar Elmu Guðmann verkefnastjóra, skipuð frá 20. febrúar 2019 til 31. júlí 2021. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir dómritari skipuð til sama tíma.

Halldór Björnsson héraðsdómari skipaður að nýju 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2024. Varamaður hans er Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, kjörinn í stað Barböru Björnsdóttur, skipaður frá 1. ágúst 2019 til 31. júlí 2024.

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er Ólöf Finnsdóttir. Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna.

Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga.

Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra. Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir dómurum leyfi.

Stjórn dómstólasýslunnar setur reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.


Haldnir voru 16 fundir stjórnar á árinu.

Hlutverk dómstólasýslunnar

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint í 8. gr. dómstólalaga í sjö töluliðum. Upptalning er ekki tæmandi.

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.

Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur dómsmálaráðuneytið farið þess á leit við dómstólasýsluna að endurupptökunefnd hafi aðstöðu hjá stofnuninni og hefur dómstólasýslan veitt nefndinni aðstoð eftir föngum.



Stefna dómstólasýslunnar 2018-2022

Í stefnu dómstólasýslunnar er hlutverk og forgangsörðun verkefna skilgreind út frá fjórum meginþáttum; þjónustu, verklagi, mannaúði og fjármálum. Stefnunni er ætlað að efla sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og stuðla að samræmdri framkvæmd mála sem varða innri starfsemi dómstíganna þriggja. Verkefnum sem ráðist er í á hverjum tíma er forgangsraðað til samræmis við fyrirliggjandi aðgerðaráætlun sem endurskoðuð var í byrjun árs.

Fræðsla, fundir og aðrir viðburðir á árinu 2019

Símenntun, námskeið og málstofur á vegum dómstólasýslunnar

Í janúar stóðu dómstólasýslan, réttindavakt félagsmálaráðuneytisins og mennta- og þróunarsetur lögreglunnar fyrir málþingi um réttaröryggi fatlaðs fólks. Réttarvörsluferfið var skoðað út frá samningi Sameinuðu þjóðanna. Fyrirlesarar á málþinginu voru Kristin Booth Glen, fyrrverandi dómari í New York, Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Phil Morris, fyrrverandi lögreglumaður frá Manchester, Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari, Elís Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, Jón Þorsteinn Sigurðsson réttindagæslumaður og Svavar Kjarrval laganemi.

Í janúar fór einnig fram samráðsfundur um meðferð kynferðisbrotamála í réttarkerfinu og stöðu brotþola. Dómstólasýslan og stýrihópur stjórnvalda um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi stóðu fyrir lokuðum samráðsfundi meðal aðila í réttarkerfinu. Meðal verkefna stýrihópsins er að gera tillögur um lagabreytingar með það að markmiði að styrkja stöðu brotþola. Hildur Fjöla Antonsdóttir, doktorsnemi í réttarfélagsfræði, kynnti drög að skýrslu um stöðu brotþola á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd ásamt tillögum til úrbóta á réttarstöðu brotþola.

Seinni hluta janúarmánaðar og í byrjun febrúar fór fram námskeið og þjálfun fyrir stjórnendur dómstólanna um framkomu í fjölmiðlum í umsjón Sigríðar Arnardóttur.

Í febrúar heimsóttu félagar úr Lögfræðingafélagi Íslands dómstólasýsluna og fengu kynningu á starfsemi stofnunarinnar. Benedikt Bogason, formaður stjórnar, sagði m.a. frá helstu verkefnum í starfsemi dómstólasýslunnar og Íris Elma Guðmann verkefnastjóri gerði grein fyrir nýju málaskrárkerfi héraðsdómstólanna. Þá var fræðsludagur „ofurnotenda“ haldinn m.a. til undirbúnings og kennslu fyrir nýtt málaskrárkerfi dómstólanna í umsjón Elínar Sigurðardóttur skjalastjóra og Írisar Elmu Guðmann verkefnastjóra. Í mars fór fram fundur á vegum dómstólasýslunnar og Dómarafélags Íslands. Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttardómari, fór yfir lagaumhverfi einangrunarvistar

Stefnukort dómstólasýslunnar.

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

og Sólveig Fríða Kjærnested, sálfræðingur og sviðsstjóri meðferðarsviðs fangelsismálastofnunar, fjallaði um aðstæður fanga í einangrunarvist, möguleg áhrif einangrunarvistar á einstaklinga og verklag fangelsisyrivalda. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómarafélags Íslands, var fundarstjóri.

Í mars komu fulltrúar dómstólanna í Lettlandi til að kynna sér netglæpi á Íslandi. Þetta voru Vita Rūsiņa, héraðsdómari í Ríga, Laura France, héraðsdómari í Jelgava, Dace Ezeriete, alþjóðafulltrúi dómstólasýslunnar í Lettlandi, og Kristína Muciņa, upplýsingastjóri dómstólasýslunnar í Lettlandi.

Í lok mars var haldið námskeið fyrir um 25 dómara og aðstoðarmenn um framburð vitna í sakamálum sem þeir Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur og prófessor við Háskólan í Reykjavík, og Sigurður Tómas Magnússon, dómari við Landsrétt og formaður réttarfarsnefndar, héldu. Þá heimsóttu starfsmenn dómstólanna rannsóknar- og tæknideild lögreglunnar og fengu m.a. kynningu á því hvernig lögreglan framkvæmir rannsóknir og tryggir sönnunargögn í málum.

Fyri hluta maímánaðar stóðu þær Elín Sigurðadóttir skjalastjóri og Íris Elma Guðmann verkefnastjóri fyrir námskeiði fyrir starfsmenn dómstólanna þar sem kennt var á nýtt málaskrákerfi dómstólanna og helstu þætti í virkni þess.

Um miðjan maí var haldið námskeið þar sem fjallað var um lögræðismál út frá sjónarhorni geðlæknisfræðinnar og Geðhjálp. Farið var yfir það hvernig læknar leggja mat á skjólstæðinga sína í lögræðismálum o.fl. Fyrirlesarar voru Kristinn Tómasson, embættis- og geðlæknir, og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp.

Í lok maí var haldið námskeið um aðgreiningu vinnu og einkalífs – áhrif þess að starfa við erfiða málalíflokka. Farið var yfir helstu streituvalda og birtingarmyndir streitu. Námskeiðið stóð öllum starfsmönnum dómstólanna til boða en umsjón þess hafði Sjöfn Everts dóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði.

Í október voru haldin námskeið fyrir sérfróða meðdómsmenn þar sem farið var yfir helstu ákvæði réttarfarslögjafarinnar og hlutverk sérfróðra meðdómsmanna við rekstur dómsmála. Um sjötíu tilnefndir sérfróðir meðdómsmenn sóttu námskeiðin en kennarar voru þau Ásgerður Ragnars-



dóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Hersir Sigurgeirsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Í nóvember héldu Páll Hreinsson, forseti EFTA-dómstólsins, og Ólafur Jóhannes Einarsson, ritari dómstólsins, erindi um það sem er efst á baugi í EES-rétti og hagnýt atriði er lúta að beiðni um ráðgefandi álit. Farið var m.a. yfir nýja dóma Evrópudómstólsins er lúta að sjálfstæði dómstóla.

Í nóvember og desember var boðið upp á byrjenda- og framhaldsnámskeið í Excel fyrir starfsmenn dómstólanna. Um var að ræða vefnámskeið í umsjón fræðsluseturs Starfsmenntar.

Í lok nóvember bauð dómstólasýslan Hæstarétti í heimsókn þar sem starfsemi stofnunarinnar var kynnt.

SEND á Íslandi 8. – 10. maí 2019

Dagana 8.-10. maí 2019 sátu um 50 norrænir dómamar málþing á Hótel Rangá á vegum SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere). Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómarafélags Íslands, var málþingsstjóri.

Dómstóladagurinn 6. september 2019

Hinn árlegi fræðsludagur dómstólasýslunnar var haldinn 6. september 2019 þar sem boðið var upp á ellefu stutt erindi og sameiginlega dagskrá fyrir starfsmenn dómstólanna. Alls tóku um 110 starfsmenn dómstólanna þátt og sóttu málstofur m.a. um rafrænan flutning gagna, fjarfundarbúnað, nýtt málaskrárkerfi dómstólanna, um mörk dómsathafna og stjórnsýslu, öryggismál, gæðamál dómstólanna o.fl. Deginum lauk með uppskeruhátíð í Súlnasal Hótel Sögu.

Námsleyfi dómara

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Samtals voru fimm dómárar í námsleyfi á árinu. Tveir héraðsdómarar hófu töku námsleyfis á haustönn og einn síðla ársins. Tveir dómárar við Landsrétt voru í námsleyfi, annar á vorönn og hinn á haustönn.

Upplýsingamál dómstólanna

Dómstólablaðið

Rafrænt fréttabréf dómstólasýslunnar til starfsmanna dómstólanna var gefið út í 14 tölublöðum. Í fréttabréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum og viðburðum í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna hverju sinni.

DÓMSTÓLASÝSLAN

DÓMSTÓLABLAÐIÐ

Fréttabréf dómstólasýslunnar 1. hefti - Október 2018

Nýtt blað
Dómstólasýslan hefur nú útgáfu rafræns blaðs fyrir starfsmenn dómstólanna. Tilgangurinn er að miðla upplýsingum um það sem er efið á haugi innan dómstólanna, s.s. um fundi, viðburði og námskeið, nuka kynni meðal starfsmanna sem og að eila á léttu strengi svo einhver nenni að lesa blaðið.

Starfsfólk dómstólasýslunnar
Starfsemi dómstólasýslunnar er öðum að komast í fastar skorður og er skrifstofan nú orðin fullmönnuð með fimm starfsmönnum. En hverjar eru þetta og hvað eru þær að gera allan daginn?

Dagatal dómstólanna
8. október
4. lönbýtingin
10. október
eIDAS reglugerðin - hvað þurfa dómárar að vita um hana?
17. október
Rafrænar undirskriftir - hvað er nú það?

Ólaf Finnssóttir framkvæmdastjóri


Domstolar.is

Vefir dómstólanna eru í stöðugri þróun og endurskoðun. Verulega var bætt úr upplýsingagjöf til almennings á vef dómstólasýslunnar en þar er m.a. að finna spurningar og svör um réttarkerfið. Þá var ensk útgáfa af vefnum gefin út.

Traust til dómskerfisins


Nær 47% landsmanna báru mikið traust til dómskerfisins samkvæmt könnun Gallups sem gerð var í byrjun árs 2019. Traustið jókst um 11% á milli ára og er mesta traust til dómskerfisins frá því að mælingar hófust 2001. Hlutfall þeirra sem báru mikið traust til Hæstaréttar var 56% en hlutfall þeirra sem báru mikið traust til Landsréttar og héraðsdómstólanna var 49%.

Traust landsmanna til dómskerfisins




Hversu mikið eða lítið traust berð þú til dómstólanna?


Héraðsdómstólarnir



Landsréttur



Hæstiréttur



- Fullkomið/mikið traust
- Hvorki né
- Alls ekkert/lítið traust

Gallup vann ítarlega þjónustukönnun fyrir dómstólasýsluna meðal lögmannna og ákæranda í júnímánuði. Spurningar í könnuninni byggðust m.a. á stefnu dómstólasýslunnar þar sem spurt var m.a. um traust til dómstólanna. Niðurstöður könnunarinnar sýna að lögmennt og ákærendur bera mun meira traust til dómstólanna en almenningur. Hlutfall þeirra sem báru fullkomið eða mikið traust til Hæstaréttar var 84%. Hlutfall þeirra sem báru fullkomið eða mikið traust til Landsréttar var 74% en 79% þegar spurt var um héraðsdómstólana.

Tæknimál dómstólanna

Nýtt málaskrárkerfi héraðsdómstólanna

Innleiðing á nýju málaskrárkerfi héraðsdómstólanna hófst í lok mars 2019. Um miðjan júní var uppsetningu kerfis lokið hjá öllum héraðsdómstólum. Eftir var til nafnasamkeppni á meðal starfsmanna og bar nafnið AÚÐUR sigur úr bítum eftir fyrsta kvendómara landsins, Auði Þorbjörnsdóttur. Starfsmenn fengu þjálfun með margvíslegum hætti, s.s. með námskeiðum og einstaklingsmiðaðri kennslu. Málaskrárkerfið býður upp á ítarlegri skráningu á ferli dómsmála en áður hefur verið sem aftur leiðir til betri yfirsýnar um framvindu og stöðu mála í dómskerfinu. Nýjar málaskrár Landsréttar og héraðsdómstólanna koma til með að auðvelda þróun og vinnu við rafræna málsmeðferð dómsmála.

Rafræn sending málgagna

Áfangi náðist á vegferð um rafræna málsmeðferð þegar málgögn voru send í fyrsta skipti með öruggum hætti beint úr málaskrárkerfi héraðsdóms í málaskrá Landsréttar. Á árinu hefur jafnframt verið unnið að því með Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Héraðssaksóknara að málgögn frá ákæruvaldinu berist rafrænt til dómstólanna með öruggum og skilvirkum hætti.

Nýjar tölvur og skjáir fyrir héraðsdómstólana

Í kjölfar örútboðs dómstólasýslunnar fyrir hönd dómstólanna voru settar upp nýjar tölvur og skjáir fyrir alla héraðsdómstólana en nýr búnaður styður vel við aukna nýtingu rafrænna lausna við málsmeðferð.

Reglur um samræmda framkvæmd o.fl.

Eitt lögbundinna hlutverka dómstólasýslunnar er að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um dómstóla. Þá ber stjórn dómstólasýslunnar að setja almennar reglur um flutning dómara á milli héraðsdómstóla, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um dómstóla, reglur um leyfi dómara frá störfum, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga um dómstóla, og reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga um dómstóla. Samkvæmt 6. mgr. 7. gr. laga um dómstóla setur stjórn dómstólasýslunnar einnig reglur um birtingu dóma og úrskurða héraðsdómstóla, Landsréttar og Hæstaréttar. Dómstólasýslan setur reglur um greiðslu þóknunar og kostnaðar sérfróðra meðdómsmanna og m.a. um mat á þekkingu og reynslu þeirra og tilnefningu, sbr. 41. gr. laga um dómstóla.

Eftirfarandi reglur dómstólasýslunnar voru í gildi á árinu:

- » Þingreglur héraðsdómstóla nr. 1/2018.
- » Siðareglur fyrir starfsmenn dómstóla nr. 2/2018.
- » Reglur um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu héraðsdómstólanna nr. 3/2018.
- » Reglur um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni skv. 123. gr. laga um meðferð ákærumála einkum þegar vitni er yngri en 15 ára nr. 4/2018.
- » Reglur um fasta þingstaði héraðsdómstóla nr. 5/2018.
- » Reglur um flutning héraðsdómara milli umdæma nr. 6 /2018.
- » Reglur um málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum nr. 7/2018.
- » Reglur um málskostnaðartryggingar fyrir héraðsdómi nr. 8/2018.
- » Reglur um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá héraðsdómstólum nr. 9/2018.

- » Reglur um málskostnað við áritun stefnu í útivistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 10/2018.
- » Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun verjenda og þóknun til réttargæslumanna nr. 11/2018.
- » Reglur um refsingar vegna smærri brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 12/2018.
- » Reglur um sektir og ökuréttarsviptingu vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna þegar ákærða er gefinn kostur á að ljúka máli með viðurlagaákvörðun nr. 13/2018.
- » Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 14/2018.
- » Reglur um afhendingu og færslu hljóð- og myndskráa frá héraðsdómstólunum nr. 15/2018.
- » Reglur um meðferð mála og verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra og hvaða stjórnarsýsluverkefni heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstóla nr. 1/2019.
- » Reglur um skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 2/2019.
- » Reglur um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstólanna nr. 3/2019.
- » Reglur um námsleyfi dómara nr. 4/2019.



Samræmdar reglur um birtingu dóma

Þann 14. október 2019 samþykki stjórn dómstólasýslunnar nýjar reglur nr. 3/2019 um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstólanna og taka reglurnar til birtingar dómsúrlausna á öllum dómstigum. Reglurnar tóku við af eldri reglum um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu héraðsdómstólanna nr. 3/2018 sem tóku eingöngu til dómsúrlausna í héraði. Reglurnar skiptast í fjóra kafla og hefur I. kafli að geyma almenn ákvæði um hvernig koma skuli að birtingu dómsúrlausna á vefsíðum dómstólanna. Þá fjallar II. kafli um birtingu dómsúrlausna í héraði en III. kafli um birtingu dómsúrlausna á áfrýjunarstigi. Umfjöllun um heimild og gildistöku reglnanna er að finna í IV. kafla.

Persónuverndarfulltrúi

Á árinu var lögfræðingur dómstólasýslunnar tilnefndur sem persónuverndarfulltrúi dómstólanna. Tilgangur persónuverndarfulltrúa er að tryggja að farið sé að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 við vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi dómstólanna. Undanskilin er vinnsla persónuupplýsinga þegar dómstólar fara með dómsvald. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. fyrrgreindrar reglugerðar ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ber dómstólum að tilnefna persónuverndarfulltrúa og er verkefnum persónuverndarfulltrúans nánar lýst í 39. gr. reglugerðarinnar.

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Almennar hæfniskröfur meðdómsmanna koma fram í 3. mgr. 39. gr. laga um dómstóla.

Árið 2019 tilnefndi dómstólasýslan 29 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna eftir þörfum dómstólana til næstu fimm ára og eru þeir við árslok 128 talsins.

Nefndir hjá dómstólasýslunni

Nefnd um dómastörf

Nefnd um dómastörf hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni og veitir dómstólasýslan henni margvíslega aðstoð, m.a. við skráningu mála í málaskrá, birtingu álitna á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara. Fimm mál voru afgreidd á árinu.

Nefndina skipa Hjördís Björk Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, og Ása Ólafsdóttir prófessor. Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álitna í samráði við dómstólasýsluna en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á domstolar.is.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara hefur samkvæmt lögum um dómstóla aðstoðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, dómara við Landsrétt og hæstaréttardómara.

Samkvæmt 12. gr. laga um dómstóla er nefndinni falið að láta dómismálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um dómaraembætti en í umsögninni skal dómnefndin taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið. Árið 2019 gerði nefndin tillögu til ráðherra um skipun í eitt embætti héraðsdómara, eitt embætti landsréttardómara og eitt embætti hæstaréttardómara. Nefndin gerði einnig tillögu um tímabundna setningu sex dómara við Landsrétt og eitt embætti héraðsdómara. Þá gerði nefndin jafnframt tillögu um setningu átta varadómara í Hæstarétti og sex varadómara í Landsrétti í einstökum málum.

Nefndina skipuðu á árinu Ingimundur Einarsson héraðsdómari, formaður, Kristín Benediktsdóttir dósent, Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Ragnheiður Harðardóttir landsréttardómari og Óskar Sigurðsson lögmaður. Skipunartími í nefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins nefndarmanna og á árinu var Ragnhildur Helgadóttir skipuð sem aðalmaður nefndarinnar, en hún var tilnefnd af Alþingi. Nánari upplýsingar um nefndina eru birtar á domstolar.is.

Endurupptökunefnd

Endurupptökunefnd hefur verið veitt aðstaða hjá dómstólasýslunni en hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti.

Nefndina skipuðu á árinu Haukur Örn Birgisson lögmaður, formaður, Gizur Bergsteinsson lögmaður og Hrefna Friðriksdóttir prófessor. Skipunartími Þórdísar Ingaðóttur dósent rann út á árinu og tók Hrefna Friðriksdóttir prófessor sæti hennar í kjölfarið. Nánari upplýsingar um nefndina eru birtar á domstolar.is.

Fagráð og starfsmenntunarsjóður dómara

Fagráð

Dómstólasýslan starfrækir óháð fagráð þriggja aðila sem ætlað er að taka á málum er varða einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur og forstjóri þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta, er formaður ráðsins en auk hennar skipa ráðið þau dr. Hörður Þorgilsson, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði hjá Betri líðan, og Sjöfn Evertsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni. Nánari upplýsingar um nefndina eru birtar á domstolar.is.

Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar greiðist úr sjóðnum. Dómstólasýslan á fulltrúa í stjórn starfsmenntunarsjóðs dómara sem setur m.a. reglur um námsstyrki til dómara og sér um úthlutun styrkja. Fræðslustjóri dómstólasýslunnar tekur við umsóknum og sér um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra.



Erlent samstarf

SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere)

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinednd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinganna hverju sinni. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómarafélags Íslands, sat í stjórn fram á haust 2019 en þá tók Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, við því hlutverki. Í maí var málþing á Íslandi um sönnun og sönnunarmat og í október var málþing í Svíþjóð um þvingunarráðstafanir í refsímálum.

CEPEJ (European Commission for the efficiency of Justice) Markmið CEPEJ er að stuðla að aukinni skilvirkni dómstóla innan sambandsríkjanna og setur m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Dómstólasýslan á fulltrúa í starfshópi CEPEJ og sótti fundi á árinu þar sem unnið var að uppfærslu samræmds spurningalista um ýmis gæðamál dómstóla aðildarríkjanna. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðsins: <https://www.coe.int/en/web/cepej>



Mannauður dómstólanna og dómstólasýslunnar

Dómstólasýslan

Hjá dómstólasýslunni störfuðu fimm manns á árinu 2019.

Dómstólarnir

Hjá dómstólunum störfuðu alls 139 manns þar af 60 karlar og 79 konur.

Dómarar

Embætti dómara voru samtals 65 á árinu 2019, 42 karlar og 23 konur.

Í Hæstarétti voru sjö karlar og ein kona skipuð í embætti dómara fram til október 2019 er tveir dómarar við réttinn létu af embætti. Í Landsrétti eru átta karlar og sjö konur skipaðar í embætti dómara og hjá héraðsdómstólunum eru 27 karlar og 15 konur skipaðar í embætti dómara.

Aðstoðarmenn

Aðstoðarmenn dómara voru samtals 26 á árinu 2019, 16 konur og 10 karlar.

Í Hæstarétti voru tveir karlar og tvær konur aðstoðarmenn dómara fram í mars 2019 er einn karl lét af störfum og var kona ráðin í hans stað. Í Landsrétti eru fjórir karlar og fjórar konur og hjá héraðsdómstólunum eru fjórir karlar og níu konur aðstoðarmenn.

Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna voru samtals 50 á árinu, 11 karlar og 39 konur.

Í Hæstarétti voru þrjú karlar og þrjú konur, í Landsrétti voru fjórir karlar og fjórar konur og í héraðsdómstólunum voru fjórir karlar og 32 konur.

Héraðsdómstólar

Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um dómstóla. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um dómstóla. Á árinu 2019 voru þrjú faranddómarar starfandi, einn við Héraðsdóm Vestfjarða, einn við Héraðsdóm Reykjaness og einn við Héraðsdóm Reykjavíkur. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um dómstóla skipar dómstólasýslan dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga um dómstóla. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga um dómstóla. Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.

Landsréttur

Í Landsrétti eiga 15 dómarar sæti og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla. Við Landsrétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 22. gr. laga um dómstóla. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn en forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um dómstóla.

Hæstiréttur

Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um dómstóla. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn, sbr. 14. gr. laga um dómstóla. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn en forseti ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla.

Starfsmenn dómstólanna og dómstólasýslunnar	kk	kvk	Samtals
Dómstólasýslan	0	5	5
Dómarar	42	23	65
Aðstoðarmenn dómara	16	10	26
Aðrir starfsmenn	11	39	50
Samtals	68	78	146

Starfsmenn Héraðsdómstóla	Dómarar	kk	kvk	Aðstoðar- menn	kk	kvk	Aðrir starfsmenn	kk	kvk	Samtals
Héraðsdómur Reykjavíkur	24	12	12	7	2	5	20	4	16	51
Héraðsdómur Reykjaness	9	7	2	3	1	2	7	0	7	19
Héraðsdómur Vesturlands	1	1	0	1	1	0	1	0	1	3
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands-vestra	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands-eystra	2	2	0	1	0	1	3	0	3	6
Héraðsdómur Austurlands	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Suðurlands	3	2	1	1	0	1	2	0	2	6
Samtals	42	27	15	13	4	9	36	4	32	91

Ársverk	42,18	11,61	33,07	88,86
---------	-------	-------	-------	--------------

Starfsmenn Landsréttar	Dómarar	kk	kvk	Aðstoðar- menn	kk	kvk	Aðrir starfsmenn	kk	kvk	Samtals
Starfsmenn	15	8	7	8	4	4	8	4	4	31

Ársverk	16,08	7,81	7,5	31,39
---------	-------	------	-----	--------------

Starfsmenn Hæstaréttar	Dómarar	kk	kvk	Aðstoðar- menn	kk	kvk	Aðrir starfsmenn	kk	kvk	Samtals
Starfsmenn	8	7	1	5	2	3	6	3	3	19

Ársverk	7,5	3,32	4,32	14,14
---------	-----	------	------	--------------

Dómstólarnir í tölum 2019

Á meðfylgjandi töflu er samantekt á áfrýjuðum einkamálum og sakamálum í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2019 ásamt fjölda munnlega fluttra einkamála í héraðsdómstólunum átta.


Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.

Hæstiréttur	fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	36
Einkamál kært	16
Sakamál áfrýjað	3
Sakamál kært	3
Samtals	58


Landsréttur	fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	288
Einkamál kært	199
Sakamál áfrýjað	146
Sakamál kært	256
Samtals	889

Héraðsdómstólar	fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál - innkomin	860
Ákærumál innkomin	2162
Samtals	3022


Hæstiréttur árið 2019



Landsréttur árið 2019



Héraðsdómstólar árið 2019





Hæstiréttur

Hlutverk Hæstaréttar er að vera fordæmisgefandi dómstóll. Samkvæmt breytingum á réttarfarslöggjöfinni frá 1. janúar 2018 er meginreglan sú að ekki er unnt að kæra eða áfrýja málum til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi réttarins. Í undantekningartilvikum er þó unnt að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar án leyfis.

Með lögum um dómstóla nr. 50/2016 var dómurum fækkað í sjö, án þess þó að raska stöðu þeirra sem þegar höfðu verið skipaðir eða settir. Á árinu 2019 höfðu átta dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara. Tveir þeirra létu af störfum

1. október 2019. Skipað var í embætti eins dómara frá þeim tíma og dómarnir því orðnir sjö frá 1. október 2019. Forseti Hæstaréttar er Þorgeir Örlygsson en varaforseti Helgi I. Jónsson.

Fjöldi mála

Málum Hæstaréttar er skipt upp í áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál og kærð sakamál. Innkomin mál á árinu 2019 voru 58 í heildina og gengu dómar í 50 málum. Óafgreidd mál um áramót voru 18.

Beiðnir um áfrýjunar- og kæruleyfi

Árið 2019 bárust Hæstarétti 162 beiðnir um kærú eða áfrýjunarleyfi og skiptast beiðnirnar þannig eftir því hvort beiðin var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls eða sakamáls eða kæruleyfi. Af heildarfjölda beiðna voru beiðnir um kæruleyfi 29, áfrýjunarleyfi í sakamálum 34 og í einkamálum 99. Hæstiréttur samþykkti samtals 41 beiðni á árinu 2019, hafnaði 116 en 13 beiðnir voru óafgreiddar í árslok. Ekkert mál var fellt niður.

Áfrýjuð mál

Árið 2019 var 39 málum áfrýjað til Hæstaréttar. Fjöldi áfrýjaðra einkamála var 36 og gengu dómar í 27 málum. Fjöldi áfrýjaðra sakamála voru þrjú og gengu dómar í tveimur málum.

Kærð mál

Kærð mál árið 2019 voru samtals 19. Kærð einkamál voru 16 og kærð sakamál þrjú. Dómar gengu í 18 kærðum einkamálum og þremur kærðum sakamálum. Ein beiðni um áfrýjun sakamáls var samþykkt, en þrjú sakamál voru skráð. Skýringin á því er að tvö málanna eru beiðnir um endurupptöku, sem hafa verið samþykktar af endurupptökunefnd.

Innkomin mál	2018	2019
Einkamál áfrýjuð	12	36
Einkamál kærð	16	16
Sakamál áfrýjuð	5	3
Sakamál kærð	5	3
Samtals	38	58

Beiðnir um áfrýjunarleyfi- eða kæruleyfi	2018	2019
Einkamál áfrýjunarleyfi	33	99
Sakamál áfrýjunarleyfi	14	34
Kæruleyfi	22	29
Samtals	69	162

Áfrýjunarleyfi einkamál - afgreiddar beiðnir	2018	2019
Samþykkt	12	36
Hafnað	17	59
Fellt niður	0	0
Óafgreitt í árslok	4	8
Samtals fjöldi beiðna	33	95

Kæruleyfi - afgreiddar beiðnir	2018	2019
Samþykkt	2	4
Hafnað	13	25
Fellt niður	3	0
Óafgreitt í árslok	4	4
Samtals fjöldi beiðna	22	29

Fjöldi dóma	2018	2019
Einkamál áfrýjuð	0	27
Einkamál kærð	12	18
Sakamál áfrýjuð	1	2
Sakamál kærð	5	3
Samtals	18	50



Landsréttur

Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018 við gildistöku laga um dómstóla nr. 50/2016. Árið 2019 var því annað starfsár réttarins.

Skipaðir dómamarar við Landsrétt eru 15. Þrír dómamarar skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var ekki nýtt á árinu 2019.

Löglærðir aðstoðarmenn dómara eru átta og aðrir starfsmenn, að meðtöldum skrifstofustjóra, eru átta. Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti Landsréttar er Davíð Þór Björgvinsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Björn L. Bergsson.


Í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 26374/18 12. mars 2019 hafa fjórir af skipuðum dómurum réttarins ekki tekið þátt í dómstörfum. Frá hausti 2019 voru tveir dómamarar settir tímabundið til starfa við réttinn. Ríflega helming ársins 2019 voru því einungis 11 dómamarar að störfum. Af þeim sökum reyndist réttinum erfitt að leysa úr áfrýjuðum málum innan þess tíma sem viðmið dómstólasýslunnar um málsmeðferðartíma gera ráð fyrir.

Fjöldi mála

Landsrétti bárust á árinu 889 mál. Á árinu 2018 voru þau 941, en þar af voru 75 sakamál sem voru færð frá Hæstarétti til Landsréttar í upphafi ársins þegar rétturinn tók til starfa. Ef þessi eldri mál eru ekki talin með fjölgaði því áfrýjuðum og kærðum málum til Landsréttar um 23 milli ára. Af þeim 889 málum sem bárust réttinum árið 2019 voru 288 áfrýjuð einkamál og 146 áfrýjuð sakamál. Kærð einkamál voru 199 og kærð sakamál 256.

Á árinu 2019 leiddi Landsréttur til lykta 801 mál, þar af lauk 707 málum með dómi eða úrskurði en 94 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 429 málum, breytt að einhverju leyti í 95 málum og breytt verulega eða snúið við í 184 málum.

Þróun fjölda mála árið 2019



Þróun fjölda mála	2018	2019
Einkamál áfrýjað	324	288
Einkamál kært	176	199
Sakamál áfrýjað*	172	146
Sakamál kært	269	256
Samtals	941	889

*Í raun fjölgaði áfrýjuðum sakamálum um 49 ef tekið er tillit til þeirra 75 mála sem send voru frá Hæstarétti Íslands.


Áfrýjuð mál

Landsréttur leiddi til lykta 367 áfrýjuð mál á árinu 2019, 275 einkamál og 92 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómur eða úrskurðir í 273 málum en 94 mál voru felld niður.

Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 219 einkamálum en 56 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 100 málum, breytt að einhverju leyti í 37 málum, breytt verulega eða snúið við í 53 málum en 29 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 81 áfrýjuðu sakamáli en 11 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 33 málum, breytt að einhverju leyti í 28 málum, breytt verulega eða snúið við í 18 málum, en tvö mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Áfrýjuð mál árið 2019



Áfrýjuð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	100	33
Breytt að einhverju leyti	37	28
Breytt verulega eða snúið við	53	18
Ómerking eða frávisun	29	2
Niðurfelld mál	56	11
Samtals áfrýjuð mál	275	92

Kærð mál

Landsréttur afgreiddi 434 kærð mál á árinu 2019, 188 einkamál og 246 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 407 málum en 27 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 318 málum en niðurstöðu héraðsdóms var breytt verulega eða snúið við í 57 málum.

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar annars vegar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.


Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við.

Dæmi um fyrrnefnda flokkinn eru álitamál um hæfi dómara, dómkvaðningu matsmanna, fresti og frávísun máls frá dómi vegna réttarfarságalla.


Til síðari flokksins teljast meðal annars mál varðandi aðfarargerðir, svo sem ágreiningur um nauðungarsölu, fjárnám og gjaldþrotaskipti en einnig mál er lúta að persónulegum málefnum einstaklinga, svo sem nauðungarvistanir á sjúkrahúsi vegna veikinda og vistun barna utan heimilis vegna félagslegra aðstæðna.

Mál þessi eru oftast skriflega flutt fyrir Landsrétti. Kærð sakamál eru einnig oftast flutt skriflega fyrir Landsrétti.

Kærð mál árið 2019



Kærð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	104	192
Breytt að einhverju leyti	15	14
Breytt verulega eða snúið við	36	21
Ómerking eða frávísun	15	10
Niðurfelld mál	18	9
Samtals kærð mál	188	246



Héraðsdómur Vestfjarða

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Héraðsdómur Austurlands

Héraðsdómur Vesturlands

Héraðsdómur Reykjavíkur

Héraðsdómur Suðurlands

Héraðsdómur Reykjanes

Héraðsdómstólarnir

Dómarar í héraði eru 42 starfandi við átta héraðsdómstóla. Um skiptingu þeirra milli héraðsdómstólanna vísast í kafla hér að framan um mannauð dómstólanna.


Þegar þróun á fjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er til skoðunar er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólunum. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir var á liðnu ári innleitt nýtt málaskrárkerfi hjá héraðsdómstólunum sem gerir ráð fyrir mun ítarlegri skráningu upplýsinga um feril dómsmála frá því að mál berst dómstólunum og þar til máli lýkur. Gera verður einhvern fyrirvara á varðandi samanburð tölfræðiupplýsinga milli ára í ljósi þessa.

Fjöldi mála


Alls bárust 15.360 mál til héraðsdómstólanna árið 2019 samanborið við 14.977 árið 2018. Það er nálægt meðaltali mála síðustu fimm árin á undan.

Alls bárust Héraðsdómi Reykjavíkur 9.164 mál árið 2019 og Héraðsdómi Reykjaness bárust 3.619 mál.

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2010-2019.



Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími, af reglulegu þingi 2010-2019.




Einkamál

Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar skriflega flutt. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól, og tekið til varnar, er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir, eða mál er felld niður af öðrum ástæðum, fer það til munnlegs máflutnings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útivistardómi og telst því skriflega flutt.


Alls komu 860 einkamál til munnlegs máflutnings á árinu 2019 en 881 einkamáli var lokið. Óafgreidd einkamál í árslok voru 646. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var að meðaltali 356 dagar á árinu 2019 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 351 dagar á árinu 2018.

Munnlega fluttum einkamálum hefur þannig farið fækkandi milli ára. Munnlega flutt einkamál voru 860 á árinu 2019 samanborið við 917 árið 2018.

Skriflega flutt einkamál 2010-2019.



Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2010-2019.




Ákærumál

Alls komu 2162 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2019, þar af var 2173 lokið og 570 málum ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála var að meðaltali 105 dagar á árinu 2019 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 103 dagar á árinu 2018.


Gjaldprot

Árið 2019 bárust héraðsdómstólunum 2320 gjaldprotaskiptabeiðni samanborið við 2349 árið 2018. Uppkveðni gjaldprotáurskurðir einstaklinga voru 246 árið 2019 og 311 árið 2018. Uppkveðni gjaldprotáurskurðir lögaðila voru 807 árið 2019 en 1030 árið 2018.


Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2010-2019.



Fjöldi uppkveðinna gjaldprotaskiptáurskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2010-2019.




Fjöldi gjaldþrotáurskurða einstaklinga 2010-2019.



Rannsóknarúrskurðir 2010-2019.

■ Aðrir rannsóknarúrskurðir ■ Par af gæsluvarðhald ■ Par af húsleit



Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi mynd er þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2010-2019. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðirum húsleiteðagæsluvarðhald. Þessartværtegundir rannsóknarúrskurða eru tilteknar sérstaklega í töflunni.

Árið 2019 voru kveðnir upp samtals 1605 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 164 húsleitarúrskurðir og 517 gæsluvarðhaldsúrskurðir og af þeim voru 71 úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds. Þau mál hafa ekki verið skráð sérstaklega áður.

Dómstólasýslan

Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is

Hæstiréttur Íslands

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is

Landsréttur

Vesturvör 2
200 Kópavogur
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is

Héraðsdómur Vesturlands

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is

Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrókur
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 460-2500
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is

Héraðsdómur Austurlands

Lyngási 15
700 Egilsstaðir
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is

Héraðsdómur Suðurlands

Austurvegi 4
800 Selfoss
Sími 482-1055
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is

Héraðsdómur Reykjaness

Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 432-5100
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is



DÓMSTÓLASÝSLAN